



Umsögn

Efni: Breyting á reglum Reykjavíkurborgar um fjárhagsaðstoð
Viðtakandi: Sviðsstjóri velferðarsviðs
Sendandi: Sviðstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs

Óskað hefur verið eftir umsögn fjármála- og áhættustýringarsviðs á nýjum reglum um fjárhagsaðstoð sem velferðarsvið gefur út. Um er að ræða heildarreglur um útfærslu á þjónustu sem sveitarfélögum er skylt að veita skv. IV. og VI. kafla laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga og fylgir kostnaðarmat frá velferðarsviði með tillöggunni að nýjum reglum þar sem tilgreindur er sá kostnaðarauki sem af breytingunum hlýst.

Breytingatillögur velferðarsviðs

Með nýjum reglum um fjárhagsaðstoð eru lagðar til hinar ýmsu breytingar sem lúta, meðal annars, að hækkun á viðmiðunarfjárhæðum vegna fjárhagsaðstoðar. Má það helst nefna breytingar sem snúa að náms- og fæðisgjaldi í leikskólum og hjá dagforeldrum, gjaldi vegna frístundaþjónustu, gjaldi vegna skólamáltíða, greiðslu sérfræðiaðstoðar svo sem vegna nauðsynlegra tannlækninga, félagsráðgjafar, sálfræðiþjónustu og þjónustu geðlækna. Þá eru viðmiðunarmörk hækkuð vegna styrks við útfararkostnað. Þá er gerð tillaga að breytingu á viðmiðunarfjárhæð eigna- og tekjumarka umsækjenda sem vegur þyngst, kostnaðarlega séð, í nefndum breytingatillögum velferðarsviðs.

Áætlun og kostnaðarmat

Hækkun tekjumarka

Breyting á reglum um fjárhagsaðstoð felur m.a. í sér að heimilt verður að veita undanþágu frá tekjum fyrri mánaðar og geta tekjumörk orðið allt að 300.000 kr. fyrsta mánuð sem umsækjandi leitar fjárhagsaðstoðar til framfærslu án skerðingar. Tekjumörk eru jafnhá fjarhagsaðstoðinni, fyrir utan fyrsta mánuð sem sótt er um, þá eru tekjumörkin, eins og komið hefur fram, hærri.

Grunnfjárhæðir/tekjumörk		Tekjumörk fyrsta mánuð e. breytingu
Einstaklingur sem býr með öðrum	175.006	300.000
Einst. m eigið heimili	207.709	300.000
Hjón m. eigið heimili (207.209 x 1,6)	332.334	480.000
Einst. hjá foreldrum	103.854	300.000
Einst. hjá foreldrum (m forsjá barns)	175.006	300.000



Reykjavík, 31. mars 2020

Tilvísun: VEL

Í mati velferðarsviðs var skoðað hver áhrif reglubreytinganna hefði orðið á umsóknir á 12 mánaða tímabili. Tekið var tillit til að einhverjir einstaklingar höfðu sótt um og verið hafnað oftast en einu sinni en hver einstaklingur telur bara einu sinni í matinu. Niðurstaða þessa mats var að 254 einstaklingar sem var hafnað um fjárhagsaðstoð, höfðu hlotið aðstoð miðað við reglubreytingar og fengið samtals 23,9 m.kr. Miðað var við að hækkunin væri einn mánuður þar sem tekjumörkin eiga bara við fyrsta mánuðinn.

Sömuleiðis mat velferðarsvið breytingu á fjárhagsaðstoð þeirra sem fengu skerta framfærslu sökum tekna fyrsta mánuð og var miðað við tólf mánaða tímabil. Niðurstaðan var að 2.353 einstaklingar höfðu m.v. hækkuð tekjumörk fengið hærri bætur sem nema samtals tæpum 94 m.kr. Breyting á tekjumörkum fyrsta mánaðar hefði því hækkað greiðslur á 12 mánaða tímabili um tæpar 118 m.kr.

Breyting á tekjumörkum fjárhagsaðstoðar	2019	2020
Fjöldi sem fékk höfnun, en mun fá fjárhagsaðstoð eftir reglubreytingu	254	254
Kostnaður vegna hækkunar viðmiðunarmarka		23.872.411
Fjöldi sem fær hærri betur eftir reglubreytingu	2.353	2.353
Kostnaður vegna hækkunar viðmiðunarmarka		93.698.862
Samtals kostnaðarauki v. hækkunar tekjum.		117.571.273

Leikskólar og daggæsla

Samkvæmt upplýsingum frá velferðarsviði voru 121 barn einstæðra foreldra og 32 börn foreldra í sambúð/giftir sem gátu fengið aðstoð vegna leikskólagjalda og tengdra fæðisgjalda. Í fyrri reglum var hámark sem hvert barn gat fengið í stuðning 16.671 kr. á mánuði.

Einnig er miðað við að foreldrum barna hjá dagforeldri standi til boða sami styrkur og greitt er vegna leikskólabarna. Áttu 33 börn rétt á þeim styrk 2019, 23 börn einstæðra foreldra og 10 börn foreldra í sambúð/giftir.

Miðað er við 8 klst vistun og fullt fæðisgjald, greiða þá börn einstæðra foreldra 17.688 kr. á mánuði og gjald fyrir foreldra í sambúð er 26.616 kr. Tekið er tillit til vænts systkinaafsláttar rúmar 2 m.kr.



Reykjavík, 31. mars 2020

Tilvísun: VEL

Leikskólagjöld & daggæsla	2019	2020
Fjöldi barna einstæðra	144	144
Fjöldi barna giftra	42	42
Systkinaafsláttur		-2.198.484
Hámarksstuðningur	37.209.672	41.780.844
Raunkostnaður	26.632.347	
Hámark 20 - hámark 19		4.571.172
Hámark 20 - raun 19		15.148.497

Hámarkskostnaðarauki vegna breytinga getur orðið rúmar 15 m.kr., er þá reiknað með að fjárhagsaðstoð vegna leikskóla og daggæslu sé nýtt að fullu. Rauntölur 2019 gefa hinsvegar til kynna að þessi aðstoð hafi ekki verið nýtt nema um 75%

Frístundaheimili og skólamáltíðir

Samkvæmt upplýsingum frá velferðarsviði gátu 90 börn foreldra sem hljóta fjárhagsaðstoð, fengið aðstoð vegna frístundaheimila árið 2019. Vegna skólamáltíða voru 182 börn sem gátu sótt stuðning. Gengið verður út frá að þau börn sem gátu fengu stuðning vegna frístundaheimila séu einnig börn sem hafi þörf fyrir stuðning vegna skólamáltíða. Í fyrri reglum var hámark sem hvert barn gat fengið í stuðning 16.671 kr. á mánuði og því er gengið út frá að allt að 182 börn hafi getað fengið þann stuðning. Miðað er við stuðning í 9 mánuði.

Vegna skólamáltíða er gengið út frá að öll börn á aldrinum 6 – 15 ára séu í skólamat. Greiða foreldrar 10.050 kr. jafnaðargjald á mánuði fyrir tvö börn, önnur njóta 100% afsláttar. Systkinaafsláttur er áætlaður tæp 1 m.kr fyrir árið.

Barn í vistun á frístundaheimili alla daga frá 13:45 – 17:00 með síðdegishressingu greiðir 18.235 kr. í mánaðargjald. Systkinaafsláttur vegna 2020 er áætlaður um 3,8 m.kr.

Ekki verða lengur skilyrði fyrir aðstoð að umsækjandi nýti fyrst rétt sinn samkvæmt frístundakorti eða þjónustutryggingu leikskóla.



Reykjavík, 31. mars 2020

Tilvísun: VEL

Skólamatur & Frístund	2019	2020
Fjöldi barna einstæðra	182	182
Fjöldi barna giftra	90	90
Systkinaafsláttur		-4.815.450
Hámarksstuðningur	21.824.910	26.416.800
Raunkostnaður	4.993.565	
Hámark 20 - hámark 19		4.591.890
Hámark 20 - raun 19		21.423.235

Mat velferðarsviðs er að miðað við fulla nýtingu á aðstoð í skólamat og frístund geti kostnaðaraukinn orðið rúm 21 m.kr. Eins og áður sýna rauntölur mun minni nýtingu eða um 16% nýting í skólmat og um 65% nýting vegna frístundaheimila.

Greiðslur vegna tannlækninga, sérfræðiaðstoðar og útfarastyrkja.

Viðmiðunarmök vegna aðstoðar við greiðslu á tannlækningum, sérfræðiaðstoð og útfarastyrkjum breytist með breytingum á reglum.

- Viðmiðunarmörk nauðsynlegra tannlækningar fara úr 40.000 kr. á ári í kr. 80.000 kr.
- Viðmiðunarmörk vegna greiðslu sérfræðiaðstoðar fara úr 55.000 kr. á ári í kr. 180.000 kr.
- Viðmiðunarmörk vegna greiðslu á útfarastyrkjum fara úr 160.000 kr. í kr. 250.000 kr.

Sérfræðiaðstoð	2019	Áætlun 2020
Fjöldi notenda	83	83
Hámarksstyrkur	55.000	180.000
Hámarkskostn	4.565.000	14.940.000
Raunostnaður 2019	- 4.136.258	
Hámarkskostnaðarauki		10.803.742

Tannlækningar	2019	Áætlun 2020
Fjöldi notenda	121	121
Hámarksstyrkur	40.000	80.000
Hámarkskostn	4.840.000	9.680.000
Raunostnaður 2019	- 3.869.442	
Hámarkskostnaðarauki		5.810.558

Útfarastyrkir	2019	Áætlun 2020
Fjöldi notenda	40	40
Hámarksstyrkur	160.000	250.000
Hámarkskostn.	6.400.000	10.000.000
Raunkostnaður 2019	- 6.085.584	
Hámarkskostnaðarauki		3.914.416

Velferðarsvið hefur metið mögulegan kostnaðarauka miðað við óbreyttan fjölda notenda og fullnýtta heimild tæpar 21 m.kr. Raunkostnaður 2019 var 14 m.kr., en nokkuð hátt nýtingarhlutfall var á þessum þjónustupáttum.



Niðurstaða

Fjármála- og áhættustýringarsvið hefur rýnt kostnaðarmat velferðarsviðs. Heildarkostnaður vegna reglubreytinga á fjárhagsaðstoð er metin á allt að 175 m.kr. á ársgrundvelli. Er þá miðað við óbreyttan fjölda bótaþega og 100% nýtingu úrræða. Fjármála- og áhættustýringarsvið telur að horft hafi verið til allra helstu þátta við þetta mat hjá velferðarsviði. Enn eru þó þættir sem skapa ákveðna óvissu eins og breyting á raunnýtingu úrræða.

Kostnaðarauki	Hámark 20 - raun 19
Hækkun tekjuviðmiða	117.571.273
Leikskólagjöld	12.066.254
Daggæsla	3.082.243
Skólamáltíðir	13.802.428
Frístund	7.620.807
Tannlækningar	5.810.558
Sérfræðiaðstoð	10.803.742
Útfararstyrkir	3.914.416
Samtals kostnaðarauki á ári (hámark)	174.671.721

Mesti kostnaðaraukinn er fyrirsjáanlegur vegna hækkunar tekjumarka fjárhagsaðstoðar. Tekjumörk hækka fyrsta mánuð sem umsækjandi leitar fjárhagsaðstoðar upp í 300.000 kr. fyrir einstakling og 480.000 kr. fyrir hjón. Mat velferðarsviðs miðar við umsækjendur sem var hafnað eða fengu skertar bætur á 12 mánaða tímabili og sýnir kostnaðarmatið hækkun upp á tæpar 118 m.kr. Sem dæmi getur einstaklingur sem býr í foreldrahúsum og áður gat verið með tekjur allt að 103.854 kr. eftir breyting haft 300.000 kr. mánuð fyrir umsókn um fjárhagsaðstoð, án skerðingar á aðstoð.

Aukning einstaklinga á fjárhagsaðstoð	hækkun vegna hærri tekjuviðmiða
Enginn hækkun	117.571.273
5% aukning	123.449.837
10% aukning	129.328.400
15% aukning	135.206.964
20% aukning	141.085.528

Sé sömuleiðis skoðað hver áhrifin verða ef aukning verður á fjölda einstaklinga með fjárhagsaðstoð má sjá að 5% aukning gætti þýtt að kostnaðaraukinn færi úr tæpum 118 m.kr. í rúmar 123 m.kr. og 10% aukning á fjölda leiddi til að kostnaðaraukinn yrði rúmar 129 m.kr. Fjármála- og áhættustýringarsvið hvetur til þess að markmið með hækkun tekjutryggingar sé rýnt og hvort þessi breyting skili þeim niðurstöðum sem vænst er, tekið tillit til kostnaðarauka.



Reykjavík, 31. mars 2020

Tilvísun: VEL

Vegna annarra breytinga sem talin eru hafa fjárhagsleg áhrif hefur velferðarsvið bæði metið hámarkskostnað sem getur hlotist af reglubreytingunum (þ.e. hámarksstuðningur 2020 – raunkostnaður 2019) og sýnt hver hækkun hámarks er milli ára (hámarksstuðningur 2020 – hámarksstuðningur 2019). Telur fjármála- og áhættustýringarsvið að það gefi ágætis mynd af því bili sem aukning kostnaðar geti legið á.

Ekki er lagt mat á hvort raunnýting á úrræðum breytist með breyttu regluverki. Það hefði gefið enn betri mynd af því hver kostnaðaraukinn vegna reglubreytinganna gæti orðið. Sem dæmi má taka að hækkun á stuðningi við leikskóla og dagvistun leiðir ekki sjálfkrafa til betri nýtingar en nýting er um 75%. Stuðningur við foreldra í sambúð hækkar þó töluvert og gæti það haft áhrif á að nýting hjá þeim hópi yrði betri.

Þegar stuðningur vegna skólamáltíða og frístundaheimila er skoðaður með tilliti til mögulegs nýtingarhlutfalls er ekki ólíklegt að hér gæti nýtingarhlutfallið aukist verulega. Raunnýting árið 2019 á aðstoð vegna skólamat var um 16% og vegna frístundaheimilis um 65%. Fallið er frá kröfunni um nýtingu frístundastyrks og því gætu margir sem áður nýttu frístundastyrk til greiðslu á skólamáltíðum eða frístundaheimili nú nýtt það í annað.

Hækkun viðmiðunarmarkna vegna stuðnings tannlækningaþjónustu, sérfræðiaðstoðar og útfarastyrkja hafa nokkuð hátt nýtingarhlutfall og ekki ólíklegt að það haldist áfram eins og velferðarsvið gerir ráð fyrir.

*Halldóra Káradóttir,
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs*